



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðherra

Ásmundur Einar Daðason

Reykjavík 17. nóvember 2022

Efni: Lýðræðisleg þátttaka ungmenna í framhaldsskólum

Umboðsmanni barna hafa borist fjölmargar ábendingar frá ungmennum, er varða þátttöku þeirra í lýðræðislegu starfi, eins og t.d. starfi ungmennaráða sveitarfélaga, stofnana og frjálsra félagasamtaka. Lúta ábendingarnar helst að því að engar heimildir eru fyrir framhaldsskóla til þess að taka tillit til slíkrar þátttöku við skráningu fjarvista, en fundir og viðburðir eiga sér iðulega stað á skólatíma. Það á ekki síst við um ungmennaráð sveitarfélaga, sem eru virkir þátttakendur í stefnumótun og ákvarðanatöku sveitarfélaga, en samkvæmt ákvæðum æskulýðslaga, nr. 70/2007, er hlutverk ungmennaráða að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Til þess að meðlimir ungmennaráða geti sinnt því hlutverki, þarf að viðurkenna mikilvægi þess og veita þeim nauðsynlegt svigrúm til þess að sækja fundi og viðburði. Ljóst er að þátttaka ungs fólks í lýðræðislegu starfi á mikilvægum mótunarárum þeirra, er allt í senn lærdómsrík, valdeflandi og krefjandi og gerir þeim kleift að taka þátt í mótun samfélagsins.

Aðalnámsskrá framhaldsskóla

Í aðalnámsskrá framhaldsskóla kemur fram að menntastefna sú sem þar birtist sé reist á tilteknum grunnþáttum menntunar sem eru m.a. jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Auk þess kemur fram í aðalnámsskrá að rækta beri með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þá eiga starfshættir skóla að mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Í 16. kafla aðalnámsskrár er kveðið á um sérstakar heimildir framhaldsskóla til að koma til móts við ungt afreksfólk á sviði íþróttanna sem er fjarverandi í skólum, vegna keppnis- eða æfingaferða, þannig að fjarvistir af þeim ástæðum hafi ekki áhrif á einkunnir fyrir skólasókn. Skólarnir hafa hins vegar engar sambærilegar heimildir til þess að koma til móts við nemendur sem eru virkir í lýðræðislegu starfi, eins og t.d. í ungmennaráðum sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka.

Ljóst er að skráningar fjarvista vegna þátttöku barna og ungmenna í lýðræðisstarfi er til þess fallin að hafa letjandi áhrif á þau. Heimildir skóla til þess að koma til móts við ungt afreksfólk byggja annars vegar á því að mikilvægt sé að styðja við ungmenni sem skara fram úr á sínu sviði, en hins vegar að þátttaka þeirra t.d. í landsliðsferðum, sé samfélagslega mikilvæg. Bæði sjónarmiðin eiga fullum fetum við um ungmenni sem eyða tíma sínum og kröftum í lýðræðislegu starfi. Þess ber að geta að í Noregi er sérstakt tillit tekið til ungmenna í framhaldsskóla sem taka þátt í slíku starfi, en skráningar fjarvista í framhaldsskólum eru tvíþættar, annars vegar svokallaðar skráðar fjarvistir sem eru þá heimilrar og hins vegar óskráðar og óheimilrar fjarvistir, en þátttaka í starfi ungmennaráða telst til skráðra fjarvista, sé hún staðfest af hálfu skipuleggjanda þess starfs.

Þann 10. júní 2021 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um barnvænt Ísland og innleiðingu Barnasáttmálans, en þar kemur eftirfarandi fram:

Þátttaka barna í stefnumótun og ákvarðanatöku styrkir lýðræðið og tryggir að litið sé til fjölbreyttari sjónarhorna við ákvarðanatöku. Með þátttöku í samfélagsumræðu læra börn að sýna frumkvæði og leita lausna, gera sér grein fyrir því að þau geti haft áhrif sem hvetur þau til frekari þátttöku. Börn sjá oft tækifæri til úrbóta og framfara í þeirra eigin nærumhverfi og þannig getur þátttaka barns orðið hlekkur í langri keðju þróunar og framfara í samfélaginu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, hvetur umboðsmaður barna mennta- og barnamálaráðherra til þess að taka til skoðunar, hvernig hvetja má ungmenni til frekari lýðræðislegrar þátttöku og styðja við hana, sem hluti af alhliða menntun þeirra sem hefur auk þess ótvírætt samfélagslegt gildi.

Virðingarfyllt,



Guðríður Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna